

1082. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 21. nóvember 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð

Mætt:

Stefán Einar Stefánsson, Eyrún Ingadóttir, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson og Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin. Engar athugasemdir voru gerðar og fundargerðin því samþykkt og undirrituð.

2. Níu mánaða uppgjör félagsins

Helga Árnadóttir fór yfir 9 mánaða uppgjör og fylgir það fundargerðinni sem ítarefni.

Meðal þess sem kom fram í máli hennar var sú staðreynd að greiðslur hafa aukist mikið úr sjúkrasjóði og veldur það áhyggjum. Einnig kom fram að mjög hátt hlutfall þeirra sem fara á sjúkradagpeninga eru í fulla 9 mánuði á sjúkradagpeningum, þetta hlutfall hefur verið að aukast. Svar við spurningunni um hvað væri helst til ráða var nefnd öflug atvinnumiðlun og annar stuðningur s.s. VIRK starfsendurhæfing. Verið er að fylgjast með þróuninni m.t.t. þess hvort þurfi að bregðast við með breytingum á reglum sjóðsins, þó ekki talin þörf á því að svo stöddu – menn munu fylgjast grannt með þróuninni. Liðurinn útbreiðslu og félagsmál lækkar umtalsvert. Rekstrartekjur umfram gjöld er kr. 109.000.000.- raunávöxtun rúm 2% sem teljast verður mjög gott. Tillaga varðandi breytta fjárfestingastefnu verður lögð fyrir næsta stjórnarfund.

3. Útgáfa jafnlaunastaðals hjá Staðalráði

Jafnlaunastaðall Staðalráðs er að koma út. Fyrirtæki geta mátað sig við staðalinn, en gera má enn betur. Stefán Einar kynnti fyrirhugaða herferð VR í tengslum við útgáfu hans. Fór hann yfir kynningu sem bar yfirskriftina: Ár jafnréttis og jafnlauna. Kynningin fylgir með sem ítarefni. Fram kom að herferðin kemur til með að standa yfir í eitt ár og kosta á bilinu 35 – 50 milljónir. Nánari útlistun verður á verkefninu á stjórnarfundum í desember.

Umræður: Fram kom að jafnlaunastaðall þarf að ná yfir meira en samanburð milli karla og kvenna. Hann þarf að vera leiðbeinandi til að gera betur og að þetta sé langtíma verkefni.

4. Endurskoðun kjarasamninga

Fyrir liggur að VR mun taka afstöðu til málsins, en ljóst er að mikið tapast við að segja samningnum upp, þó forsendur séu til þess. Formannafundur ASÍ er á dagskrá fljótlega. Miklar og málefnalegar umræður spunnust um málið þar sem fram komu skiptar skoðanir um hvort segja ætti upp samningunum eða ekki. Einnig að það sem skipti máli væri kaupmáttur, en ekki % í launahækkun sem hætt væri við að skilaði litlu öðru nema verðbólgu. Þjóðarsátt væri lykilorðið. Samþykkt að hafa auka stjórnarfund um kjaramál.

5. Málefni Eir-hjúkrunarheimilis

Stefán Einar greindi frá því að komin væri fram hjá stofneigendahópnum tillaga að lausn málsins hvað varðaði fulltrúaráðið og stjórn. Fæli hún í sér að allt fulltrúaráðið segði af sér og að nýtt yrði skipað. Engar frekari umræður um málið.

6. Orlofsmál 2013

Lögð fram drög að stefnu um orlofsmál og fylgir hún fundargerð sem ítarefni. Í umræðum komu fram mismundandi skoðanir á því hvort áhersla í orlofsmálum ætti að vera á orlofshús eða aðra þætti s.s. orlofsmiða og að könnun á því hvaða skoðun félagsmenn hafa á málaflokknum væri forsenda fyrir ákvarðanatöku. Stefnan var samþykkt.

Frímann. Lögð var fram kynning og kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra kaupa á forritinu Frímann til að halda utanum orlofsvefinn. Kæmi það í stað heimasmiðaðs kerfis sem þjónað hefði vel en væri nú úrelt. Samþykkt.

Leiga fyrir orlofshús. Kynnt var tillaga orlofsstjórnar um að hækka leigu fyrir orlofshús um 8% - 10% eftir húsum og tímabilum. Í umræðum kom fram að leigutekjur væru um 50% af kostnaði við rekstur húsanna og rétt væri að þær yrðu ekki lægra hlutfall en það. Einnig að ófært væri að hækka ekki reglulega því þá yrði höggið meira þegar loks væri hækkað, eins og nú, en verð fyrir orlofsdvöl í húsum VR hefur verið óbreytt frá 2006. Athugasemdir komu fram við að vísitölubinda hækkar.

Tillagan var samþykkt.

7. Útboð til fagfjárfesta á bréfum í Eimskipafélagi Íslands

Rætt.

8. Gjaldmiðlavarnasamningar lífeyrissjóða

Stefán Einar reifaði málið og fór yfir minnisblað sem fylgir fundargerðinni sem ítarefni. Þar er lagt til að Inga Hrafni Óskarsyni hld. verði falið að vinna minnisblað um gjaldeyrisvarna-samninga. Áætlaður kostnaður er 750 – 850 þúsund krónur. Minnisblaðið var rætt og ákveðið að taka ákvörðun um framhald málsins eftir fund sem boðaður verður með forsvarsmönnum sjóðsins. Fundurinn er á dagskrá 11.

desember. Tillaga Stefáns Einars um að fresta umræðum fram yfir áðurnefndan fund var samþykkt.

9. Endurskoðun reglna Starfsmenntasjóðs verslunar – og skrifstofufólks

Drög að nýjum starfsreglum SVS sem taka eiga gildi 1. janúar 2013 var dreift á fundinum og fylgja fundargerðinni sem ítarefni. Nokkrar umræður urðu um drögin og starfsmenntamál. Fram kom hjá Stefáni Einari, að til að sjá um málaflokkinn hjá VR og LÍV væri búið að ráða Sólveigu Lilju Snæbjörnsdóttur til félagsins. Samþykkt að fresta umræðum um starfsreglurnar og afgreiða þær á jólafundinum í desember.

10. Umræða um fundargerð miðstjórnar ASÍ 31. okt. 2012

Rætt.

11. Jólauglýsing VR.

Stefán Einar fór yfir minnisblað sem fylgir fundargerðinni sem ítarefni. Auglýsingin er að mestu tilbúin.

Samþykkt.

12. Nýir trúnaðarmenn og endurkjörnir

Jóhanna Viborg	Árvakur (e)
Hjördís Garðarsdóttir	Neyðarlínan (e)
Gunnþór Georg Þórðarson	O. Johnson & Kaaber (e)
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir	365-miðlar ehf (e)
Anna María Benediktsdóttir	Árvakur (n)
Gróa Másdóttir	Háskólinn í Reykjavík (n)
Benjamin Dominique Bohn	CCP (n)
Guðbjörg Stefánsdóttir	Cintamani (n)
Sigurbjörg Unnur Guðmundsdóttir	Flugfélag Íslands (n)
Sigrún Guðmundsdóttir	Miklatorg hf – IKEA (n)
Sigmundur Halldórsson	365-miðlar ehf (n)
Ruth Guðnadóttir	Ístak (n)
Sigrún Birgisdóttir	Garðheimar Gróðurvörur (n)
Arnar Már Bergmann	Olúverslun Íslands (n)

Fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði Sigurður Sigfússon, ritari stjórnar.